

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hallbjarnar Bergmanns Andréssonar, Ásholti, Skagaströnd“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1945. 107 8. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hallbjarnar Bergmanns Andréssonar, Ásholti, Skagaströnd.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Hallbjarnar Bergmanns Andréssonar. Nafni sjóðsins má eldrei breyta.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hallbjörn Bergmann Andrésson, organleikara og forsöngvara við Skagastrandarkirkju, fæddan 15. nóv. 1917, dáinn 2. jan. 1943.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — sem foreldrar hins látna, Sigurborg Hallbjarnardóttir og Andrés Guðjónsson, leggja fram.

3. gr.

Sjóðinn skal alltaf ávaxta í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, eða annarri peningastofnun með ríkisábyrgð á innstæðum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að því, að sem fullkomnastur söngflokkur verði starfandi við Skagastrandarkirkju, og verði vöxtum af sjóðnum varið söngnum til eflingar samkvæmt fyrirmælum 6. og 7. gr.

5. gr.

Sjóðinn má auka með framlagi af fé kirkjunnar, gjöfum, áheitum eða á hvern annan hátt, er æskilegt þætti.

6. gr.

Allir vextir leggjast árlega við höfuðstólinn unz hans hefur náð 10 þúsund króna upphæð, en þá má fyrst verja $\frac{1}{2}$ — helming — árlegra vaxtatekna sjóðsins í greiðslur til söngflokks kirkjunnar. Hinn helmingur vaxtanna leggst við höfuðstólinn árlega þar til hann er orðinn 20 þúsund krónur. Upp frá því falla $\frac{3}{4}$ hlutar árlegra vaxta til styrktar kirkjusöngnum, en $\frac{1}{4}$ hluti leggst við höfuðstólinn þar til hann hefur náð 50 þúsund krónum. Þaðan frá skal kirkjusöngurinn styrktur með $\frac{1}{10}$ árlegra vaxta, en $\frac{9}{10}$ hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn, þar til hann hefur náð þeirri upphæð, að dómi sjóðsstjórnarinnar, að árlegir vextir séu nægjanlegir til að bera allan kostnað af störfum söngflokksins í þarfir kirkjunnar, með þeim takmörkunum, er 7. gr. ákveður. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

7. gr.

Greiðslu úr sjóðnum skal hver sá njóta, karl eða kona, sem starfar í söngflokk Skagastrandarkirkju og fórnar til þess verulegu af tíma sínum. Þó skal organleikara aldrei greitt kaup sitt af fé sjóðsins, með því að gera verður ráð fyrir að honum verði jafnan séð fyrir viðunandi launum af fé kirkjunnar.

107

8. júní

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: Sóknarnefnd Skagastrandarkirkju og prestur sóknarinnar. Þeir hafa umsjón með öllum fjárreiðum hans og annast greiðslur eftir fyrirmælum skipulagsskrárinnar.

Þeir halda þessar bækur:

1. Reikningsbók, og sé í hana færðir árlegir reikningar yfir eignir, tekjur og gjöld, og ársreikningur sjóðsins.
2. Gerðabók, þar sem skráðar séu allar fundargerðir sjóðsstjórnarinnar og ákvæði áhrærandi það fé, sem úr honum er greitt. Í gerðabókina skal skipulagsskráin jafnan innfærð.

9. gr.

Endurskoðun ársreikninga sjóðsins skal framkvæmd af prófasti Austur-Húnavatnsprófastsdæmis, og sér hann um að reikningar sjóðsins séu birtir í Lögbertingablaðinu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

108

8. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Námsjóð hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir námsjóð hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir námsjóður hjónanna Erlends Björnssonar og Maríu Sveinsdóttur á Breiðabólssstöðum, Álftanesi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4380 — fjögur þúsund þrjú hundruð og áttatíu krónur —, og er hann stofnaður í tilefni af áttæðisafmæli Erlends Björnssonar hreppstjóra 3. nóv. 1944 af eftirtöldum 18 bændum í Bessastaðahreppi.

Arngrími Bergmann, Landakoti, Árna Gunnlaugssyni, Brekku, Bertel Andrésyni, Sveinskoti, Eybór Stefánssyni, Akurgerði, Gunnari Stefánssyni, Norður-Eyvindarstöðum, Jóni Diðrikssyni, Bjarnastöðum, Jóni Inga Eyjólfssyni, Sviðholti, Karítas Skarphéðinsdóttir, Tröð, Klemenzi Jónssyni, Vestri-Skógtjörn, Markúsi Einarssyni, Bessastöðum, Ólafi Árnasyni, Deild, Ólafi Bjarnasyni, Gesthúsum, Ólafi Jónssyni, Akarakoti, Sigurði Ásmundssyni, Kirkjubrú, Skarphéðni Eliassyni, Tröð, Sófusi Ólafssyni, Landakoti, Stefáni Jónssyni, Eyvindarstöðum, Sæmundi Arngrímssyni, Landakoti.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnulega unglinga í Bessastaðahreppi til einhvers konar framhaldsnáms, enda hafi þeir lokið fullnaðarprófi við barnaskólann í hreppnum og hafi þá verið á framfærslu einhvers hreppsúa. Verði breytingar